

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, ritstjóri Hannes Þorsteinsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda E. Egilsson fyrir hönd Sigurðar agents Kristóferssonar í þessu máli. Málskostnaður falli niður.

Nr. 22/1893:

Guðmundur Símonarson
gegn
Sigurd Johansen.

D ó m u r:

Með skuldabryfi, dags. 26. ágústmán. f. á. útgaf áfrýjandinn tómt húsmáður Guðmundur Símonarson á Hrólf í Seyðisfirði viðurkenningu fyrir því, að hann skuldaði við verzlun stefnda, kaupmanns Sigurd Johanssens á Seyðisfirði »nál. 1600 kr.«, er hann skuldbatt sig til að borga fyrir 10. októbermánaðar s. á., og jafnframt veðsetti hann stefnda fyrir skuldinni með fyrsta veðrjetti 30 skpd. af góðum og velverkudum saltfiski, og skuldbatt sig til að svara fyrir gestarjetti Norður-Múlasýslu á Seyðisfirði, ef til málssóknar kæmi og stefndi færi fram á það. Hinn 2. desembermán. næst eftir stefndi síðan verzlunarstjóri stefnda áfrýjandanum fyrir gestarjett Norður-Múlasýslu »samkvæmt því, er hann hefði skuldbindið sig til í umræddu veðskuldabryfi«, fyrir það, að »nálægt 10 skpd.« vantaði á, að hann hefði skilað verzluninni hinum veðsetta fiski, og stefndi hefði eigi heldur borgað andvirði þeirra á annan hátt til verzlunarinnar. Fyrir gestarjettinum lagði verzlunarstjórinn síðan fram verzlunarreikning áfrýjanda

við verzlunina, sem sýndi, að áfrýjandi skuldaði við verzlunina, þegar viðskiptunum lauk 22. septbr. f. á., 1155 kr. 38 a., en dómkrafa verzlunarstjórans, sem reyndar var nokkuð á reiki, virðist að eins hafa hljóðað upp á hin veðsettu 10 skpd. af fiski in natura eða andvirði þeirra með sama verði og áfrýjandinn fjekk við verzlunina í september f. á., en það verð var þrenns konar, eptir því, hvaða tegund fiskjar var innlögð, stórfiskur, smáfiskur eða ýsa, respective 11, 10 og 9 aurar fyrir hvert pund. Málið var síðan dæmt í gestarjetti Norður-Múlasýslu 11. febr. þ. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda alla verzlunarskuld sína 1155 kr. 38 aur., en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum og lögaldsgjörð, framkvæmdri af fólgeta Norður-Múlasýslu, eptir beiðni stefnda hjá áfrýjanda 2. marz þ. á., »til tryggingar« nefndri dómsupphæð, hefur af áfrýjanda verið skotið til yfirdómsins með stefnu 3. júní þ. á., og hefur þess verið krafizt af hans hálfu fyrst og fremst, að dómurinn verði dæmdur ómerkur sökum þess, að málið hafi ólöglega verið höfðað fyrir gestarjetti, að það hafi verið ólöglega deducerað, að dómurinn hafi vanrækt leiðbeininga kyldu sína, og að sáttatilaun hafi eigi fram farið un kröfu þá, er dómurinn hljóðar um; en til vara heft áfrýjandinn krafizt þess, að verða dæmdur algjörlega sýkn f málinu, og að stefndi verði skyldaður til að greiða sjer málskostnað fyrir báðum rjettum, en til þrautavara, að hann að eins verði dæmdur til að greiða stefnda 737 kr. 30 a. og að málskostnaður fyrir yfirrjetti verði sjer tildæmdur. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn og fólgetagjörðin verði staðfest og

sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Það verður nú eigi álitid óheimilt málsþörtunum, að koma sjer saman um gestarjettarmeðferð á málinu, þó að hin almennu skilyrði fyrir slíkri meðferð sjeu eigi fyrir hendi, og að því verður heldur eigi fundid, þó að deduction málsins hafi verið nokkuð ófullkomin hinn fyrsta fyrirtektardag málsins, því að það var með samþykki mótpartsins, að frestun fjekkt til að bæta úr því. Hvað leiðbeiningu í málinu af hendi dómarans snertir, þá virðist reyndar málið bera það með sjer, að hún hafi verið veitt af mjög svo skornum skammti, og málspartar þó þarfnast hennar mjög, en það virðist þó mega dæma málið, eins og það liggur fyrir, þrátt fyrir það. Þessar ástæður áfrýjanda fyrir ómerking dómsins verða því eigi teknar til greina, og sama er um þá ástæðu, að sáttatilaunin hafi eigi náð til þeirrar kröfu, er tekin var til greina í dóminum, þó að sú krafa sje eigi sjerstaklega tilgreind í kærinni til gestarjettarins.

Að því er aðalmálið snertir, þá getur eigi komið til mála að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda alla skuld hans samkvæmt hinum framlagða verzlunarreikningi, 1155 kr. 38 a., eins og undirdómarinn hefur gjört, þó að áfrýjandi hafi eigi haft á móti upphæð skuldarinnar, því að dómkrafa stefnda fyrir undirretti hljóðaði, eins og fyr er sagt, að eins um þau nálægt 10 skpd., sem ávantaði til þess að hann hefði fengið allan fiskinn, er veðsettur var upp í skuldina, eða andvirði þeirra, en þar sem á hinn bóginn hinn framlagði verzlunarreikningur ber með sjer, að áfrýjandinn átti eptir að skila af hinum veðsetta fiski 10 skpd. 1½ pd. og áfrýjandinn hefur ekkert haft að athuga við verð það á

fiskinum, er stefndi hefur til vara krafizt að fá. en það er 11 aurar fyrir hvert pund af stórfiski, 10 aura fyrir pd. af smáfiski, og 9 a. fyrir pd. af ýsu, en þetta nemur töluvert minna en hin viðurkennda skuld áfrýjandans — þá þykir rjett að dæma áfrýjandann til að greiða stefnda þennan fisk eða andvirði hans, reiknað á greindan hátt upp í skuldina, og ber því að breyta dóminum að þessu leyti.

Að því er kemur til hinnar áfrýjuðu lögaldsgjörðar, þá ber hin framlagða rjettargjörð með sjer, að beiðzt hefur verið af fógetanum fógetagjörðar hjá áfrýjandanum til fullnægingar hjeradsdóminum í máli þessu (þ. e. fjárnámsgjörðar), en fógetinn hefur að eins lagt lögald á ýmsar eigur requisiti »til tryggingar skuldinni«. Þessi fógetagjörð var því með öllu ólögleg, og verður eptir kröfu áfrýjanda að dæma hana ómerk.

Málskostnaður virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn Guðmundur Símonarson greiði stefnda kaupmanni Sigurd Johansen, 10 skpd. $1\frac{1}{2}$ pd. af góðum og velverkuðum saltfiski, eða andvirði hans reiknað á ofangreindan hátt. Hin áfrýjaða lögaldsgjörð á ómerk að vera. Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.